



AMAROQ LTD.

TILKYNNING UM AÐALFUND OG AUKAFUND HLUTHAFA

HÉR MEÐ TILKYNNIST að aðalfundur Amaroq Ltd. („félagið“) og aukafundur hluthafa félagsins fer fram sem fjarfundur á <https://meetnow.global/MKAQYC7> fimmtudaginn 7. maí 2026 kl. 10:00 að staðartíma í Toronto (14:00 GMT) í eftirfarandi tilgangi:

1. að taka við og fara yfir endurskoðaða ársreikninga félagsins fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2025 ásamt áritun endurskoðenda,
2. að kjósa í stjórn félagsins til næsta árs,
3. að endurskipa BDO Canada LLP sem endurskoðendur félagsins til næsta árs og heimila stjórn að ákveða þóknun endurskoðenda,
4. að fjalla um og, ef tilefni þykir, samþykkja, með eða án breytingartillagna, almenna ályktun um skilyrta samþykkt á niðurfellingu gildandi samþykkt félagsins (nr. 2) og upptöku nýrra samþykkt (nr. 3);
5. að fjalla um og, ef tilefni þykir, samþykkja, með eða án breytingartillagna, sérstaka ályktun sem samþykkt er með að minnsta kosti 75% greiddra atkvæða um skilyrta undanþágu frá 7.3 gr. nýrra samþykkt félagsins (nr. 3);
6. að fjalla um og, ef tilefni þykir, samþykkja, með eða án breytingartillagna, sérstaka ályktun sem samþykkt er með að minnsta kosti 75% greiddra atkvæða um skilyrta afskráningu félagsins af AIM-markaði London Stock Exchange;
7. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, samþykkja, með eða án breytingartillagna, almenna ályktun um að samþykkja kaupréttarsamninga félagsins („Stock Option Plan“),
8. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, að samþykkja, með eða án breytingartillagna, almenna ályktun um að samþykkja samninga félagsins um skilyrt hlutabréf („Restricted Share Unit Plan“),
9. að fjalla um önnur mál sem lögð eru fyrir fundinn með réttum hætti eða sérhverja frestun á afgreiðslu þeirra.

Fundurinn fer fram á ensku og öll fundargögn verða á ensku.

Þau mál sem fjallað verður um á fundinum er nánar lýst í meðfylgjandi upplýsingabréfi¹.

Félagið stendur fyrir fjarfundi hluthafa. **Hluthafar munu ekki geta setið fundinn í eigin persónu.** Þess í stað geta skráðir hluthafar og tilnefndir umboðsmenn þeirra setið fjarfund og tekið þátt, kosið eða sent inn spurningar hér: <https://meetnow.global/MKAQYC7>.

Ef þú ert handhafi heimildarskírteina sem standa fyrir almenn hlutabréf og eru útgefin á Íslandi í gegnum

¹ Tilkyninguna og upplýsingabréfið má finna í heild sinni á ensku á:
<https://www.amaroqminerals.com/investors/annual-general-meeting-2026/>

Nasdaq CSD þá getur þú fyllt út umboðseyðublað og skilað því til vörsluaðila þíns á Íslandi eigi síðar en kl. 16:00 GMT **24. apríl 2026**, svo Nasdaq CSD geti greitt atkvæði á fundinum í samræmi við fyrirmæli þín.

Óskráðir handhafar (eða raunverulegir eigendur) heimildarskírteina sem hafa ekki formlega tilnefnt sig sem fulltrúa með því að senda mætingartilkynningu til vörsluaðila síns á Íslandi geta setið fundinn sem „gestir“ en hafa hvorki rétt til þátttöku, að leggja fram spurningar né að greiða atkvæði á fundinum.

Réttur hluthafa til að fá tilkynningu um fundinn og fara með atkvæðisrétt á honum, sem og við sérhverja frestun afgreiðslu hans, miðast við viðmiðunardaginn (e. record date) 1. apríl 2026. Aðeins þeir hluthafar sem skráðir eru í hluthafaskrá félagsins í lok þess dags eiga rétt á að fá tilkynningu um fundinn og fara með atkvæðisrétt á honum og við sérhverja frestun afgreiðslu hans.

DAGSETT 8. apríl 2026

SAMKVÆMT BEIÐNI STJÓRNAR

(undirritað) „*Graham Stewart*“
Graham Stewart
Stjórnarformaður